



Ár 2024, þann **18. apríl 2024**, er kveðinn upp svohljóðandi

Úrskurður

í máli nr. IRN23111065

Kæra Ívars Ingimarssonar

á ákvörðun

Fjarðarbyggðar

I. Kröfur og kæruheimild

Hinn 11. júlí 2023 barst ráðuneytinu stjórnarsýslukæra Ívars Ingimarssonar (hér eftir nefndur kærandi), vegna tafa á afgreiðslu Fjarðarbyggðar (hér eftir nefnt sveitarfélagið) á beiðni kæranda um smölun á ágangsfé skv. 33. gr. laga nr. 6/1986.

Kæruheimild er í 4. mgr. 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

II. Málsatvik / Málsmeðferð

Af gögnum málsins má ráða að kærandi, sem er landeigandi að Óseyri, Fjarðarbyggð, hafi haft samband við sveitarfélagið 11. júní 2023 vegna ágangs búfenaðar á jörð hans og óskað eftir því að sveitarfélagið smalaði fénu með vísan til 4. málsliðar 33. gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

16. júní 2023 óskaði kærandi eftir því að Lögreglustjórinn á Austurlandi myndi bregðast við ágangi búfjárins skv. 2. mgr. 33. gr. laga nr. 6/1986.

Sama dag, 16. júní 2023, barst kæranda svar frá sveitarfélaginu þar sem staðfest var móttaka á erindi hans. Í svarinu var upplýst um það að erindi kæranda yrði tekið fyrir á næsta fundi bæjarráðs sveitarfélagsins hinn 26. júní 2023.

26. júní 2023 var haldinn fundir í bæjarráði sveitarfélagsins og var eftirfarandi bókað um beiðni kæranda um smölun ágangsfjár:

„Beiðni um smölun ágangsfjár í Óseyri Stöðvarfirði. Framlagt erindi Ívars Ingimarssonar frá 11. júní vegna smölunar á ágangsfé í landi Óseyrar á Stöðvarfirði. Jafnframt er framlagt erindi Lögreglustjórans á Austurlandi um ágang búfjár. Bæjarráð vísar erindi til fjallskilanefndar. Jafnframt er bæjarstjóra falið að senda Sambandi Íslenskra sveitarfélaga erindi um gerð verklagsreglna á grunni álits innviðaráðuneytisins um ágang búfjár og svara erindi lögreglustjórans.“



29. júní 2023 sendi kærandi erindi til sveitarfélagsins vegna afgreiðslu málsins í bæjarráði sem var tekið fyrir á fundi bæjarráðs 3. júlí 2023. Var afgreiðsla sveitarfélagsins eftirfarandi; „Framlagt erindi landeiganda að Óseyri frá 29.6.2023 vegna ágangsfjár. Bæjarráð þakkar bréfitara fyrir erindið og vísar til fyrri bókunar um málefnið en það er til umfjöllunar fjallskilaneftndar.“

4. júlí 2023 sendi kærandi kröfu um skaðabætur til sveitarfélagsins vegna ágangs búfjárins.

11. júlí 2023 barst kæran til ráðuneytisins. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 17. júlí sama ár, var sveitarfélaginu gefinn kostur á að koma að frekari gögnum og sjónarmiðum varðandi kærana.

13. júlí 2023 hafi fjallskilaneftnd tekið málið til meðferðar á fundi sínum og fjallað um upphaflegt erindi kæranda frá 11. júní 2023 ásamt bréfi hans frá 29. júní sama árs. Hafi niðurstaða fjallskilaneftndar verið að fela formanni fjallskilaneftndar og bæjarritara að leita lögfræðilíts um stöðu sveitarfélagsins og leggja fyrir fjallskilaneftnd að nýju. Taldi fjallskilaneftnd sig ekki geta að svo stöddu tekið afstöðu til erindis kæranda.

14. júlí 2023 hafi bæjarráð sveitarfélagsins tekið fyrir kröfu kæranda um skaðabætur. Var erindinu vísað til fjallskilaneftndar.

18. júlí 2023 hafi kærandi ítrekað beiðni sína um smölun við sveitarfélagið auk þess sem hann hafi óskað eftir afstöðu sveitarfélagsins til bótaskyldu þess.

21. júlí 2023 upplýsir kærandi sveitarfélagið um dauða kind og slasað lamb á jörð hans.

24. júlí 2023 hafi erindi kæranda dags. 18. júlí 2023 verið tekið fyrir á fundi bæjarráðs og því vísað til umfjöllunar fjallskilaneftndar.

28. júlí 2023 hafi fjallskilaneftnd fundað um beiðni kæranda um smölun. Hafi það verið mat fjallskilaneftndar að sveitarfélaginu bæri ekki að verða við kröfu kæranda um smölun ágangsfjárins. Sökum ákvörðunar fjallskilaneftndar hafi kærundur ítrekað beiðni sína til Lögreglustjórans á Austurlandi um smölun.

Umsögn og gögn sveitarfélagsins vegna kærunnar bárust ráðuneytinu 8. ágúst 2023. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 11. ágúst 2023, var kæranda gefinn kostur á að gæta andmælaréttar gagnvart sjónarmiðum sveitarfélagsins. Andmæli kæranda bárust með tölvubréfi dags. 1. september 2023.

Þá skal þess getið að 14. ágúst 2023 bárust ráðuneytinu viðbótargögn frá sveitarfélaginu. Um var að ræða bókun bæjarráðs sveitarfélagsins af fundi þess, dags. 10. ágúst 2023.

III. Sjónarmið kæranda

Kærundur lýsa því í kæru að þeir hafi óskað eftir því að sveitarfélagið myndi hlutast til um að smala ágangsfé af jörð hans sbr. 4. málslíð 33. gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Hafi kærandi talið það fullljóst að féð hafi komið á hans land úr heimalandi.



Þá lýsir kærandi því að hann hafi ítrekað beiðni sína um smölun ágangsfjárins við sveitarfélagið oftar en einu sinni, auk þess sem hann hafi óskað eftir liðsinni Lögreglustjórans á Austurlandi við smölunina.

Kærandi vísar til þess í kæru að smala verði eins fljótt og verða megi, því skaðinn aukist dag frá degi og vísar jafnframt til 1. mgr. 9. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Samkvæmt nefndu ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 37/1993 beri stjórnvaldi að taka ákvörðun í málum svo fljótt sem unnt sé. Telur kærandi að þegar leitað sé til stjórnvalds til að fá vernd fyrir árás á eignir sem njóti stjórnarskrárvarinnar friðhelgi að brugðist verði við bæði hratt og örugglega.

Kærandi segir að það sé brýnt að aflétta hinu ólögsmæta ástandi og að forða frekara tjóni, eins fljótt og auðið sé, með því að handsama féð og setja í aðhald. Þegar vitað sé hver eigi féð, og það sé hætt að valda tjóni, sé hægt að taka ákvarðanir um framhaldið.

IV. Umsögn sveitarfélagsins

Í umsögn sveitarfélagsins, dags. 8. ágúst 2023, er tímalína málsins rakin en það tekið fram að bæjarráð sveitarfélagsins hafi þá ekki komið saman til fundar vegna málsins og því hafi málinu ekki verið lokið af hálfu sveitarfélagsins.

14. ágúst 2023 sendi sveitarfélagið ráðuneytinu viðbótarupplýsingar í kjölfar fundar bæjarráðs sem haldinn var 10. ágúst 2023. Var bókun bæjarráðs svohljóðandi:

„Vísað frá fjallskilanevnd til bæjarráðs máli landeiganda Óseyrar í Stöðvarfirði. Fjallskilanevnd telur í ljósi framlagðs álits lögmannsstofunnar að sveitarfélaginu beri ekki að verða við kröfu landeiganda Óseyrar um smölun lands hans. Fjallskilanevnd tekur ekki afstöðu til erindis sem fjallar um bótaskyldu sveitarfélagsins. Þá telur fjallskilanevnd að sterkar líkur séu á að sauðfé komi frá Breiðdal en jafnframt hafi fé áður komið fram í Stöðvarfirði frá Héraði og Fáskrúðsfirði. Bæjarráð telur að mikil réttaróvissa sé í tengslum við túlkun laga nr. 38/2013 um búfjárhald og laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Ekki er til staðar leiðbeinandi álit um þau álitaefni sem eru uppi m.a. um framkvæmd afgreiðslu beiðna um smölun ágangsfjár, hvað teljist verulegur ágangur búfjár og hvenær sveitarfélagi beri að bregðast við honum, réttindi og skyldur fjár- og landeigenda til að afstýra óaskilegum ágangi og inngripi sveitarfélags eða lögreglustjóra. Bæjarráð samþykkir því að fresta afgreiðslu beiðni landeigenda Óseyrar í Stöðvarfirði um smölun ágangsfjár með vísan til umboðs bæjarstjórnar sem falið hefur bæjarráði ákvörðunarvald og fullnaðarafgreiðslu mála meðan á sumarfríi hennar stendur sbr. 46. gr. samþykktu sveitarfélagsins. Málið verður tekið upp að nýju þegar leiðbeinandi álit matvælaráðuneytis verður gefið út eða öðru því sem greiði úr þeim álitamálum sem uppi eru. Jafnframt er beðið úrskurðar innviðaráðuneytisins en málsmeðferð sveitarfélagsins vegna málsins hefur verið kærð til þess. Bæjarráð telur ekki rétt að hefja stjórnslumál sem leitt getur af sér íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun sem byggir ekki á traustum og óumdeildum lagagrunni. Þá tekur bæjarráð ekki afstöðu til meintrar bótaskyldu sveitarfélagsins gagnvart landeiganda Óseyrar. Bæjarráð beinir til stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi að mikilvægt sé að fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur verði tekin til endurskoðunar í ljósi þess að skýra þurfi ágang búfjár nánar ásamt því að skilgreina þurfi réttindi og skyldur fjáreigenda og landeigenda í því sambandi. Þá sé æskilegt að stjórnin hlutist til um að samræma verklagsreglur vegna ágangsmála í framhaldi þess að greitt verði úr álitamálum af hálfu matvælaráðuneytis en



fjallskilasamþykktin gildir fyrir fjögur sveitarfélögin á starfssvæði Sambands sveitarfélaga á Austurlandi“

V. Andsvör kæranda

Kærandi reifar í andsvörum sínum leiðbeiningar og álit innviðaráðuneytisins í máli nr. SRN20070003 og álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 11167/2022. Að auki reifar kærandi tilurð ákvæðis 33. gr. laga nr. 6/1986.

Telur kærandi að ef fé sem heimilt sé að hafa í heimalandi sé á beit á annars manns landi og landeigandi biður sveitarstjórn að láta smala því, þá beri sveitarstjórn að verða við beiðninni og láta smala fénu og flytja þangað þar sem það á að vera samkvæmt 33. gr. laga nr. 6/1986. Þá skuli eigandinn rukkaður fyrir kostnaði sveitarfélagsins, nema annað hafi verið ákveðið í fjallskilasamþykkt. Að mati kæranda sé ákvæði 33. gr. laga nr. 6/1986 bæði einfalt og skýrt.

Í þessu sambandi reifar kærandi einnig frumvarp þingnefndar um ágangsmál frá árinu 1885, en þar hafi eftirfarandi komið fram:

„Í frumvarpi því, sem nefndin hefur samið, hefur hún byggt það í fyrsta lagi á þeirri grundvallarreglu, sem fylgt hefur verið í eldri lögum, sbr. landsleigubálk Jónsbókar 24. kap., 16. kap. og víðar, ásamt réttarbót Eiríks konungs 1294 við 31. kapitula, að sá er verður fyrir ágangi af skepnum, eigi almennan rétt til skaðabóta [...]

Málefni þau sem rísa út af þessum efnum, þurfa mjög fljótt úrgreiðslu, og nefndin hefur því sett ýmsar ákvarðanir, sem að þessu líta, og eru þær í flestu allíkar þeim gangi, er mál þessi fá oftlega í daglegu lífi. Af ákvörðunum þeim, er nefndin fer fram á í þessu skyni leiðir, að málarekstur verður að vera hinn sami sem í einkalögglumálum, en eigi sem í einkamálum, til hvers ætlast var í frumvarpi stjórnarinnar.“

Er það athyglisvert að mati kæranda að nefndin hafi sagt það vera grundvallarreglu að sá sem verði fyrir ágangi skepna eigi almennan rétt til skaðabóta, og hafi dregið þá réttmætu ályktun af Jónsbók og réttarbót Eiríks konungs frá árinu 1294. Hitt sé þó ekki síður athyglisvert að mati kæranda, að þingnefndin hafi sagt að slík mál þyrftu mjög fljótt úrgreiðslu.

Kærandi bendir á að þegar skepnur stundi ágang, séu eignir í stöðugri eyðingu hjá viðkomandi landeiganda og tjón hans vaxi í réttu hlutfalli við tímann sem ágangurinn varir. Vaxandi tjón verði á matjurtum, ungum trjám, kornakri, nytjatúnum, engjum, skrautblómum, golfgrínum – eða hverju öðru sem grær á landi hans. Að sá aðili sem eigi skv. lögum að forða eignum landeigandans frá frekara tjóni, taki sér marga daga, vikur eða jafnvel mánuði til að gaumgæfa viðbrögð sín, er að mati kæranda í ósamræmi við eðli máls. Rétt eins og lögregla eða slökkvilið myndi taka daga eða vikur í að gaumgæfa mál, áður en mætt væri á innbrots- eða brunastað.

Einnig bendir kærandi á það í andsvörum sínum að bæjarráð hafi sagt réttaróvissuna mikla í bókun þess dags. 10. ágúst 2023 og að það biði því leiðbeininga frá matvælaráðuneytinu, en sveitarfélagið hafi þó ekki leitað til matvælaráðuneytisins eftir upplýsingum. Að mati kæranda sé engin réttaróvissa uppi um þessi mál. Eins segir kærandi að það hafi ekki þýðingu fyrir þetta mál hvað hugtakið „verulegur ágangur“ þýðir í lögum nr. 6/1986, þar sem ágangurinn sé ekki úr afrétti



heldur úr heimalandi. Segir kærandi það óumdeilt að í Fjarðarbyggð sé enginn afréttur, því dugi að um ágang sé að ræða, sbr. 33. gr. laga nr. 6/1986. Þá segir kærandi í andsvörum sínum að samkvæmt því sem segi í grein Páls Briem, fyrrverandi lögmanns, þingmanns og amtmanns, um ágang í 1. tbl. tímaritsins Lögfræðings, árið 1897, þá standi „ágangur“ í lagatexta fyrir „heimildarlausu beit“. Þannig sé ágangur allt frá einu lambi sem bíti gras í heimildarleysi.

Kærandi lýsir því í andsvörum sínum að það hafi alla tíð verið grundvallarmunur á ágangi búfjár sem haldið sé í heimasveitum og ágangi af afréttum. Að hafa fé á afrétti hafi verið löglegur búháttur á Íslandi frá Landnámsöld og ágangur þaðan sé á engan hátt sambærilegur við ágang úr öðru heimalandi. Þannig beri sveitarstjórn ekki að smala nema ágangurinn af afrétti sé verulegur og eigendur dýranna greiði ekki kostnaðinn við smölunina, heldur skuli hann greiddur af fjallskila- eða sveitarsjóði, sbr. 31. gr. laga nr. 6/1986. Til að koma til móts við þá sem eigi land sem liggja að afrétti, þá geti meiri hluti landeigenda, skv. 32. gr. laga nr. 6/1986, óskað eftir girðingu milli sín og afréttarins og skulu þá notendur afréttarins greiða 80% af kostnaði girðingarinnar en landeigendur 20%. Segir kærandi að það hafi verið skylda eigenda búfjár að gæta þess í heimahögum og að koma í veg fyrir að skepnur þeirra stundi ágang í annarra manna löndum óslitið allt frá árinu 1294.

Telur kærandi að engin leið sé að vita, eða leiða fram, hverjir séu aðilar að málinu, fyrr en smöln hafi átt sér stað og í ljós komi hverjir eigi ágangsféð. Að reyna að finna út úr því hverjir eigi ágangsfé, sem lið í rannsóknarskyldu stjórnvalda, án þess þó að smala fénu, sé fullkomlega óraunhæft að mati kæranda. Það sé ekki fyrr en búið sé að smala fénu sem hægt sé að finna út úr því hverjir séu eigendur þess. Þá fyrst sé vitað um aðila máls og hægt að hefja samskipti við þá. Engin vægari leið sé möguleg, en að smala fénu eins fljótt og verða megi til að vernda eigur landeigandans og upplýsa um hverjir séu aðilar að málinu.

Um skyldu landeigenda til að hafa fjárheldar girðingar, vísar kærandi til úrskurðar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í máli nr. 59/2009 þar sem niðurstaða úrskurðarins hafi m.a. verið byggð á umsögn landbúnaðarráðuneytisins. Í umsögn landbúnaðarráðuneytisins hafi komið fram að skýra þyrfti ákvæði 33. gr. laga nr. 6/1986 í samræmi við önnur ákvæði laganna, einum 34. gr. og að það væri skylda sveitarfélaganna að smala ágangsfé skv. 33. gr. laga nr. 6/1986 þó land sem sæti ágangi búfjár sé ekki afgirt.

Þá segir kærandi um töku íþyngjandi ákvarðana og um aðila máls, að stjórnslutöl nr. 37/1993 kveði á um að ákvörðun í málum skuli taka svo fljótt sem unnt sé. Þá skuli stjórnvöld sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun sé tekin og að jafnræðis skuli gætt. Þá taki stjórnvald ekki íþyngjandi ákvörðun nema vægari leiðir dugi ekki til að ná lögætu markmiði.

Að lokum vísar kærandi til þess er segir í skýrslu nefndar frá árinu 1999, sem hafi fjallað um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þess og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu, en þar segir eftirfarandi:

„Fyrst þarf að kanna hvort stjórnvald hafi í raun val um að leggja mál í fleiri en einn farveg við úrlausn þess. Þeirri spurningu er svarað með túlkun á þeim réttarheimildum sem stjórnvaldsákvörðun byggist á. Kemur þá oft í ljós að um val er ekki að ræða. Sé því ekki fylgt hinni lögboðnu og ófrávíkjanlegu málsmeðferð er um lögbrot að ræða“.

Segir kærandi að sveitarstjórnir hafi ekki val um að samþykkja eða neita að smala ágangsfé, því lagaákvæðið sé ekki valkvætt. Neitun sveitarstjórna um að smala ágangsfé, sem heimilt sé að hafa í heimahögum sé því lögbrot.



Kærandi þykir það ljóst að sveitarfélagið hafi brotið málshraðareglu stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Þá hafi rannsóknarskylda sveitarfélagsins eingöngu falist í að sannreyna að ágangsfé hafi verið í landi þess sem hafi beðið um smölun og að land hans lægi að afrétti. Ef land liggja ekki að afrétti sé ljóst að ágangurinn sé úr öðru heimalandi og beri sveitarfélaginu að láta smala honum eins fljótt og verða megi til að forða frekara tjóni landeiganda.

VI. Niðurstaða ráðuneytisins

Mál þetta varðar kæru á töfum á afgreiðslu sveitarfélagsins á beiðni kæranda um smölun ágangsfjár í landi kæranda.

Samkvæmt 4. mgr. 9. gr. laga nr. 37/1993 er heimilt að kæra óhæfilegan drátt á afgreiðslu máls til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til. Í fyrri úrskurðum ráðuneytisins hefur ráðuneytið komist að þeirri niðurstöðu að ákvarðanir sveitarfélaga um smölun ágangsfjár séu kærnanlegar til þess. Verður því að telja að kæranda hafi verið heimilt að kæra drátt á afgreiðslu málsins til ráðuneytisins á grundvelli 4. mgr. 9. gr. laga nr. 37/1993.

Það skal tekið fram að í ljósi þess að fyrirliggjandi mál felur í sér kæru á málshraða sveitarfélagsins mun ráðuneytið einungis taka afstöðu til þess hvort óréttlætanager tafir hafi orðið á málsmeðferð þess. Ráðuneytið mun því ekki taka efnislega afstöðu til beiðni kæranda um smölun ágangsfjár og skyldu sveitarfélagsins til þess að smala ágangsfénu í eftirfarandi umfjöllun.

Í ákvæði 1. mgr. 33. gr. laga nr. 6/1986 segir:

„Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað, og getur þá sá, er fyrir verður, kært til hreppstjóra. Stafur ágangurinn af búfé, sem vanrækt hefur verið að reka á fjall eftir fyrirmælum fjallskilasamþykktar, ber hreppsnefnd að sjá um, að eigendur reki fénaðinn til afréttar. Vanræki þeir það, lætur hún reka á þeirra kostnað. Stafur ágangur hins vegar af búfé, sem heimilt er að hafa í heimahögum, ber sveitarstjórn að láta smala ágangsfénaði og reka þangað, sem hann á að vera, á kostnað eiganda, nema annað sé ákveðið í fjallskilasamþykkt.“

Ekki er kveðið á um sérstakan afgreiðslufrest mála í framangreindu ákvæði 33. gr. laga nr. 6/1986 og ber því að líta til málshraðareglu 9. gr. laga nr. 37/1993 við mat á því hvort afgreiðsla á máli kæranda hafi dregist á óréttlætanager hátt. Málshraðareglan er ein meginregla stjórnarsýsluréttar og er inntak hennar það að ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er. Þá felst í reglunni sá áskilnaður að aldrei megi vera um óréttlætanager drátt á afgreiðslu máls. Í ljósi þess að málshraðareglan mælir ekki fyrir um fastákveðna afgreiðslufresti er hún afstæð að efni til. Verður þannig að meta málsmeðferð heildstætt í hverju tilviki, þ.e. hvað talist getur eðlilegur afgreiðslutími í sambærilegum málum. Einnig getur mikilvægi ákvörðunar fyrir aðila máls haft þýðingu. Þá kann eðli mála sem fjallað er um hverju sinni að hafa áhrif, t.d. ef til staðar er sérstök ástæða til að hraða afgreiðslu. Hafi mál dregist umtalsvert fram yfir venjulegan afgreiðslutíma án þess að fyrir liggja réttlætanager ástæður er um óhæfilegan drátt á afgreiðslu máls að ræða.

Af gögnum máls þessa má ráða að fyrirliggjandi kæra hafi borist ráðuneytinu mánuði eftir að kærandi óskaði eftir því að sveitarfélagið myndi hlutast til um smölun ágangsfjár af landi hans. Af umsögn sveitarfélagsins og viðbótargögnum er ljóst að enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um beiðni kæranda og að málinu hafi verið frestað um ótiltekinn tíma þar til málsmeðferð ráðuneytisins ljúki eða frekari leiðbeiningar um framkvæmd laga nr. 6/1986 berist sveitarfélaginu.



Helsti mælikvarði á málshraða í stjórnáslunni er hversu langan tíma tekur að afgreiða sambærileg mál. Að mati ráðuneytisins er úrlausnarefni þessa máls þess eðlis að það þurfi skjótrar úrlausnar. Er afstaða ráðuneytisins m.a. byggð á því að ágangur búfjár getur valdið allnokkru tjóni á landi þess sem fyrir honum verður og því brýnt að koma í veg fyrir frekara tjón eins fljótt og auðið er. Telja má ljóst að óhæfilegur dráttur á afgreiðslu beiðni landeiganda um smölun ágangsfjár geti haft veruleg áhrif á hagsmuni hans og leitt til þess að tjón af áganginum verði mun meira að umfangi en ella. Varðar það því hagsmuni bæði landeiganda sem verður fyrir ágangi búfjár og eiganda búfjárins að afgreiðslutíminn sé skammur.

Þá gilda ekki skýrar og formbundnar reglur um upphaf stjórnáslumála, en almennt telst stjórnáslumál vera hafið þegar borgari ber upp erindi við stjórnvald sem taka þarf eða til greina kemur að taka stjórnvaldsákvörðun. Stjórnvaldinu er þá jafnframt skylt að ljúka málinu með formlegum hætti, en almennt er það gert með því að taka stjórnvaldsákvörðun, annað hvort um efni málsins eða með frávísun þess, sjá til hliðsjónar Páll Hreinsson: Stjórnásluréttur. Málsmeðferð, Reykjavík 2013, bls. 412.

Jafnframt bendir ráðuneytið á að almennt sé óheimilt að fresta afgreiðslu mála meðan beiðni sé eftir nýjum lögum eða reglum. Það er frumskylda stjórnvalda samkvæmt íslenskum stjórnalögum að starfa á grundvelli þeirra réttarheimilda sem eru í gildi á hverjum tíma og sjá um framkvæmd þeirra. Borgararnir eiga því rétt á því að stjórnvöld leysi úr málum þeirra svo fljótt sem unnt er á grundvelli þeirra laga og reglna sem í gildi eru þegar þeir bera fram erindi sín við stjórnvöld, sjá álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1832/1996.

Verður því hvorki fallist á að réttlæt看legt sé að ákvörðun sveitarfélagsins um beiðni kæranda um smölun ágangsfjár hafi ekki legið fyrir rúmum mánuði eftir að beiðnin barst til sveitarfélagsins, enda mátti ekki rekja þann drátt sem varð á afgreiðslu málsins til kæranda, né heldur verður fallist á að sjónarmið sveitarfélagsins um frestun málsins vegna réttaróvissu hafi verið réttlæt看leg.

Ráðuneytið telur að auki ástæðu til þess að fjalla sérstaklega um það sjónarmið sveitarfélagsins er kemur fram í bókun þess dags. 10.ágúst 2023, um að fresta afgreiðslu málsins með vísan til þess að málsmeðferð þess hafi verið kærð til ráðuneytisins. Bendir ráðuneytið á að kæra vegna óhæfilegra tafa á afgreiðslu máls frestar almennt ekki afgreiðslu þess hjá stjórnvaldinu sem hefur málið til meðferðar. Augljóst þykir að slík framkvæmd myndi eingöngu leiða til enn frekari tafa á afgreiðslu máls og myndi vinna gegn því markmiði sem að er stefnt með 4. mgr. 9. gr. laga nr. 37/1993.

Hefur afgreiðsla beiðni kæranda um smölun ágangsfjár af landi sínu því dregist umtalsvert umfram þann afgreiðslutíma sem hefði mátt ætla til afgreiðslu þess án þess að fyrir liggja réttlæt看legar ástæður.

Með vísan til framangreinds er það mat ráðuneytisins að málsmeðferð sveitarfélagsins, sem rakin er að framan, feli í sér brot gegn 1. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 37/1993 um málshraða. Er því beint til sveitarfélagsins að ljúka meðferð málsins eins fljótt og auðið er. Óskar ráðuneytið eftir því að sveitarfélagið upplýsi ráðuneytið um niðurstöðu málsins. Þá bendir ráðuneytið á að jafnvel þótt ekki séu uppi þær aðstæður sem voru á þeim tíma þegar beiðni kæranda barst sveitarfélaginu, um að sveitarfélagið smali ágangsfé í landi hans, að þá telur ráðuneytið að sveitarfélaginu beri að taka erindi hans til meðferðar eins fljótt og auðið er. Er því einnig beint til sveitarfélagsins að hafa framangreind sjónarmið til hliðsjónar við úrlausn sambærilegra mála.



Úrskurðarorð:

Málsmeðferð Fjarðarbyggðar vegna beiðni um smölun ágangsfjár, sem barst 11. júní 2023, var ekki í samræmi við 1. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Er því beint til sveitarfélagsins að ljúka málinu eins fljótt og auðið er.

Fyrir hönd ráðherra

Katrín Anna Guðmundsdóttir

María Hrönn Guðmundsdóttir Busk